

BARNABÍLSTÓLAR VÍS

Tryggðu barninu þínu öruggt sæti

BeSafe iZi Kid – bakvísandi



VÍS

BeSafe iZi Kid – þegar öryggið er í fyrsta sæti

BeSafe iZi Kid er einn allra öruggasti barnabílstóll sem völ er á og er fyrir börn sem eru 9–18 kg að þyngd. Stóllinn skal festa með bakið í akstursstefnu með þriggja punkta belti bílsins. Ef barnið þarf að hvílast á meðan ekið er má halla stólnum aftur svo barnið geti sofnað í þægilegri stellingu. BeSafe iZi Kid er með sérstökum öryggisólum og öryggisfæti sem saman tryggja barninu hámarksöryggi.

BeSafe iZi Kid er bakvísandi barnabílstóll en rannsóknir sýna að öryggi barnsins á þessu þroskaskeiði er best tryggt með því að vera í stól sem snýr baki í akstursstefnu. Höfuð barns um 9 mánaða aldur er 25% af heildarlíkamsþyngd. Hjá fullorðnum einstaklingum er þetta hlutfall 6%. Í framvísandi stólum getur komið mikill hnykkur á háls og hnakka barnsins, sem getur haft alvarlegar afleiðingar. Sænskar rannsóknir hafa sýnt að í alvarlegum umferðaróhöppum þurfa börn ekki á aðhlyningu að halda í 60% tilfella ef þau eru í framvísandi barnabílstól. Þetta sama hlutfall er um 90% fyrir börn í bakvísandi barnabílstólum.


BeSafe iZi Kid hefur fengið vottun eftir ECE 44 03 staðlinum. Stóllinn er flokkaður sem „universal“ eftir ströngum skilyrðum. Hann má aðeins nota í þau bílsæti sem bílaframleiðandinn ábyrgist að henti fyrir slíka barnabílstóla. BeSafe iZi Kid er einnig með T merkingu, sem er sérstök vottun vegna hliðararékra.

VÍS mælir með bakvísandi barnabílstólum til að hámarks öryggis sé gætt.


VÍS hefur skýra stefnu þegar kemur að framboði á barnabílstólum, öryggið er ávallt í fyrsta sæti.

Hafið í huga


- Farið eftir þessum leiðbeiningum við að festa stóllinn í bílinn. Það er mikilvægt að festa stóllinn rétt svo öryggi barnsins sé tryggt.
- Það er stranglega bannað að festa BeSafe iZi Kid í framsæti fyrir framan virkan loftpúða. Í sumum bílum er hægt að taka loftpúðann í framsætinu úr sambandi. Settu þig í samband við þitt bílaumboð til að fá nánari upplýsingar.
- Ef einhver vandamál koma upp er hægt að fá aðstoð hjá VÍS í síma 560 5000.




Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3




Mynd 4


BeSafe iZi Kid öröskýringarmynd



Mynd 5




Mynd 6




Mynd 7




Mynd 8




Mynd 9




Mynd 10



Mynd 11



Mynd 12



Að festa öryggisólar BeSafe iZi Kid í bílinn

Leið A

- Þræddu ólarlykkjuna* í gegnum raufina milli sætisflatar og stólbaks á framsæti bílsins. Lásarhluti ólarinnar er svo þræddur í gegnum ólarlykkjuna og síðan er strekkt (sjá mynd 1).
- Framkvæmdu þetta með sama hætti á hinum enda framsætisins.
- Ef setja á barnabílstólinn í framsætið, þræðast öryggisólarnar í kross undir bílsætið (sjá mynd 2).
- Ef setja á barnabílstólinn í aftursæti bílsins þarf að þræða öryggisólarnar í kross fyrir aftan stólbak framsætisins (sjá mynd 3).

Leið B


Leið B má einungis nota ef festa á stólinn í framsæti bílsins.

- Festu öryggisólarnar tvær saman og gerðu þær að einni ól með því að setja lásinn á ól 1 í gegnum lykkjuna á ól 2 og að því loknu í gegnum lykkjuna á ól 1. Strekktu vel (sjá mynd 4).
- Leggðu miðjuna á öryggisólinni yfir innsta flöt bílsætisins. Þræddu báða endana í kross undir sætið þar sem barnabílstólinn á að standa (sjá mynd 2).
- Þar sem bílstólinn er í mjúku sæti er alltaf hægt að hreyfa hann eitthvað.

Að festa BeSafe iZi Kid bílstólinn í bílinn

- Beltaspöngin***
Stilltu beltaspöngina í innstu stöðu með aðstoð sveifarinnar* (sjá mynd 5 og 6).
- Setja stólinn í bílinn**
Settu BeSafe iZi Kid í bílsætið með beltaspöngina upp að stólbakinu, en bak stólsins snýr í átt að akstursstefnu bifreiðar (sjá mynd 7). Settu öryggisfótinn saman og inn í þar til gerða lykkju* á baki stólsins (sjá mynd 8).

* (Sjá öröskýringarmynd)



Mynd 13




Mynd 14




Mynd 15




Mynd 16




Mynd 17



Mynd 18



Mynd 19



Mynd 20

3. Að festa öryggisfótinn*

Stilltu fótinn þannig að hann styðjist vel við gólfíð. Dragðu öryggisfótinn eins langt aftur og mögulegt er, svo að lykkjan sem tengir öryggisfótinn við stólinn sé strekkt undir króknum* á fætinum. Læstu öryggisfætinum í æskilegri hæð með því að nota meðfylgjandi pinna* (sjá mynd 9). Settu öryggisfótinn saman, gættu þess að lykkjan* sem er á stólnum fari utan um fótinn. Stilltu fótinn með þeim hætti að hann styðjist vel við gólfíð. Ef bílstóllinn er í framsæti og styðst við mælaborðið, er ekki nauðsynlegt að festa öryggisfótinn með aðstoð pinnans (sjá mynd 10).

4. Að festa öryggisólarnar við barnabílstólinn

Öryggisólarnar skulu liggja í kross á baki stólsins og læsast þannig að það heyrist „klikk“ (sjá mynd 3). Að því loknu skal strekkja á ólunum.

5. Að festa bílbeltið

a) Dragðu þriggja punkta beltið út, leggðu mjaðmahluta bílbeltisins* utan um sökkul stólsins* og aftur fyrir hornin* báðum megin sem merkt eru með bláum örvum á stólum (sjá mynd 11). Festu beltið í beltalásinn þannig að það heyrist „klikk“. Dragðu mjaðmahluta bílbeltisins út fyrir silfraða málmkrókinn (blá ör á stól) á sökkli stólsins (sjá mynd 12). Strekktu bílbeltið vel.

b) Dragðu axlarhluta bílbeltisins út og myndaðu lykkju á beltið (sjá mynd 13).

c) Dragðu lykkjuna í gegnum málmhlutann á rauðu festingunni (sjá mynd 14).

d) Settu beltalykkjuna utan um efri hluta rauðu festingarinnar (sjá mynd 15).

e) Strekktu á beltinu, með því að draga efri hluta beltisins niður (sjá mynd 16).

6. Að stilla beltsþöngina

a) Til að ná hámarks stöðugleika og öruggri festingu stillist beltsþöngin með aðstoð sveifarinnar (sjá mynd 6) þannig að spöngin þrýstist inn í sætisbakið (sjá mynd 7).

b) Með því að stilla silfraða beltakrókinn* og snúa sveifinni, strekkist á beltinu (sjá mynd 17 og 18). Það gerist á sama tíma og spöngin spennist inn í stólbakið. Þessi aðferð tryggir mjög örugga festingu.

c) Sjáðu til þess að sætið sé rækilega fest og tilbúið til notkunar. Endurtaktu ferlið að öðrum kosti.

d) Sveifin er stillanleg í báðar áttir, en til þess að breyta um átt þarf að þrýsta á lítinn hnapp á hliðum sveifarinnar (sjá mynd 18).

Að festa barnið í stólinn

1. Barninu komið fyrir

Dragðu axlarólarnar í stólum út samhliða því sem þú þrýstir inn miðstillingarhnappnum* í plastkúpli í sætisbotni stólsins. Losaðu axlarólar bílstólsins og leggðu þær út til hliðanna. Settu barnið í stólinn, leggðu ólarnar yfir axlir barnsins og læstu þeim („klikk“). Strekktu ólarnar með því að draga ólina hjá miðstillingarhnappnum fram á við (sjá mynd 19). Ólarnar eiga að vera eins strekktar og mögulegt er, það má að hámarki vera pláss fyrir 2 fingur milli barnsins og ólanna. Gættu þess að ekki sé snúið upp á ólarnar.


2. Fjórar mismunandi setu- og legustöður

BeSafe iZi Kid er með 4 stillanlegum setu- og legustöðum (sjá mynd 20). Handfang* undir stólum (sjá mynd 21) er notað til að stilla mismunandi stöður stólsins.


3. Hæðarstilling axlarólanna

Axlarólarnar er hægt að stilla í þrjár mismunandi hæðir. Rétt hæð er samsíða öxlum barnsins eða ofar. Hæðina skal stilla með því að losa hæðarstillinguna* af bakhlið stólsins, lyfta henni upp eða niður eftir atvikum og smella henni aftur á viðeigandi stað (sjá mynd 22). Dragðu því næst ólarnar á framhliðinni í rétta stöðu í raufunum í áklæðinu framan á stólum (sjá mynd 23).


*(Sjá orðskýringarmynd)




Mynd 21



Mynd 22



Mynd 23



Mynd 24

Mikilvæg ráð

- BeSafe iZi Kid er einungis hægt að nota með þriggja punkta bílbelti.
- Stóllinn má einungis vera bakvísandi í akstursstefnu.
- Mundu að setja aldrei barn í bakvísandi barnabílstól fyrir framan virkan loftpúða.
- Rétt festur BeSafe iZi Kid hefur enga þýðingu ef barnið er ekki fest í fimm punkta ólar stólsins.
- Lágmarkaðu slakann á beltum bílsins sem og fimm punkta ólar barnabílstólsins. Stilltu og strekktu beltin reglulega.
- Ólar stólsins verða að vera festar án þess að það sé slaki á þeim eða snúið upp á þær.
- Það er bannað að gera breytingar á stólum.
- Eftir árekstur ber að skipta um stól.
- Kenndu þeim sem ferðast með þér hvernig losa á barnið úr stólum.
- Skildu barnið aldrei eftir eitt í bílnum.
- Geymdu þessar notendaleiðbeiningar í bílnum.
- Aldrei má nota BeSafe iZi Kid án áklæðis.
- Einungis má nota áklæði sérhannað fyrir BeSafe iZi Kid á stólum.
- Gættu þess að lausir hlutir í bílnum séu festir þannig að þeir fari ekki af stað við snarhæmlun eða árekstur.
- Þvottaleiðbeiningar:



Áklæðið losað og fest

Til þess að taka áklæðið af þarf að lyfta því af sessunni svo hægt sé að losa ólarnar af málmkrókunum í botni sætisins (sjá mynd 24). Lyftið síðan áklæðinu af stólum.

Það er mjög mikilvægt að ólarnar séu kræktar rétt þegar áklæðið er sett á aftur.

Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur

Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur í alla bíla þar sem börn eru farþegar. Það á ekki síður við þegar þau ferðast með afa og ömmu eða öðrum þeim sem stöku sinnum hafa börn sem farþega. Börn eiga aldrei að ferðast í bíl án barnabílstóls.

Hvers vegna ættir þú að leigja barnabílstól hjá VÍS?

Barn þarf þrjá bílstóla á þroskaskeiði sínu svo hámarksöryggis sé gætt og að öryggisbúnaður henti stærð og þyngd barnsins. Barnabílstólar VÍS eru hagkvæm og örugg lausn, því auðvelt er að skipta stólunum út eftir því sem barnið stækkar. Barnabílstólar VÍS vaxa með barninu.

Öflugt eftirlit


Barnabílstólar VÍS sem koma úr leigu eru vandlega yfirfarnir af sérhæfðu starfsfólki VÍS áður en þeir fara í leigu á ný. Komi í ljós minnsti galli eða slit á burðarvirki stólanna eru þeir umsvifalaust teknir úr notkun. Öflugt eftirlit VÍS tryggir að barnið njóti ávallt fyllsta öryggis.

Allir geta tryggt öryggi barna sinna hjá VÍS

Foreldrum og forráðamönnum barna gefst kostur á að leigja barnabílstólana hjá VÍS óháð því við hvaða tryggingafélag er skipt. Með þessu vill VÍS gefa öllum kost á að tryggja börnum sínum hámarksöryggi í bílnum.

BeSafe iZi Kid

Tryggir öryggi barnsins frá 9–18 kg að þyngd.



Barn undir 150 cm að hæð má aldrei sitja fyrir framan virkan loftpúða

